

Fundargerð Skólaráðs Víkurskóla 23. janúar 2024

Mættir: Þuríður Óttarsdóttir, Björg Sigrún Ólafsdóttir, Jón Bjartur Atlason, Eva Rós Ólafsdóttir, Líney Björg Sigurðardóttir, Júlía Mekkin Guðjónsdóttir og Halla Magneudóttir

Forföll: Fjóla, Unnar og Margrét

Þuríður fór yfir þá völdu kafla sem skilað var inn til SFS, innleiðingu Víkurskóla á menntastefnu borgarinnar, endurmenntunaráætlun skólans, áætlun um faglegt starf og mat á skólastarfi og að lokum yfir umbótaáætlun skólans.

Þuríður sagði frá því að fjárhagsleg staða skólans er góð, skólinn er vel rekinn og er réttu megin við núllið enn eitt árið.

Rekstraráætlun 2024-2025 liggur fyrir og er skólanum gert að hagræða um nærri 20 milljónir. Þuríður og Örn fjármálaráðgjafi skólans hafa gert athugasemdir við suma liði sem erfitt er að hagræða svo sem í leigu á sundlaug sem er þáttur sem við ráðum ekki yfir, eins er okkur ætlað að spara í aðföngum í list- og verkgreinum sem er varla gerlegt í nýsköpunarskóla sem sinnir list- og verkgreinum alveg upp í 10. bekk. Hins vegar er hægt að hagræða í innkaupum á nemendagögnum og það var keypt ný ljósritunarvél 2023 og þá minnkar allur kostnaður við viðgerðir. Eins eru styrkir sem skólinn fær í gegnum Erasmusverkefni ekki teknir með sem tekjur en útlagður kostnaður settur í mínus. Þuríður telur að hún geti hagrætt um þessar 20 milljónir án þess að það bitni á skólastarfi.

Þuríður fór yfir umbótaáætlun Víkurskóla þar sem aðgerðir til umbóta eru komnar í ferli s.s. að festa niður bekkjarfundi einu sinni í mánuði með hverjum árgangi, nýta niðurstöður úr lesfimi til þess að grípa inn í með lestraráttaki með nemendum sem eru undir viðmiðum og skólastjóri festir á fundaplani starfsfólks kynningu á öllum niðurstöðum kannana sem skólinn tekur þátt í.

Undir önnur mál var rætt um hegðun og framkomu nemenda og símanotkun í skólanum. Nemandi benti á að margir væru í símunum án þess að kennari tæki eftir því, og viðkomandi fannst að kennarar stæðu ekki við aðvaranir sínar og þannig verði þær marklausar. Mikið rætt um almenna símanotkun og það er áhugi á því að hafa einhvers staðar símalaus svæði í skólanum.

Rætt var um velferðarkennsluna sem allir eru mjög sáttir með og finnst góð nálgun að leggja áherslu á andlega heilsu.

Einnig var rætt um hópastarf og hvernig nemendur geta verið misvirkir í samstarfi og þá skiptir miklu máli að hafa kjark til að gera sjálfs- og jafningjamat rétt. Nemendur eru ánægðir með öra hópaskiptingu í stærðfræði og almenn ánægja er með aðferðir í hugsandi kennslurými í stærðfræði.

Foreldri sagði að sínum börnum liði vel í skólanum og það væri gaman að fylgjast með þeim þroskast í því faglega umhverfi sem skólinn er.

Fundi var slitið kl. 9:10

Fundarritari var Þuríður Óttarsdóttir